

Aðalfundur Eyjafjarðardeildar 2021

11.03.2021

Haldinn í Viðjulundi 2, Akureyri, þann 11. mars 2021 klukkan 18.00.

A. Kosning fundarstjóra.

Gunnar Frímannsson, formaður Eyjafjarðardeildar, setti fundinn og var Sigríður Stefánsdóttir kosinn fundarstjóri. Linda Guðmundsdóttir var kosin ritari fundar.

B. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar.

Formaður flutti greinargerð úr skýrslu stjórnar. Gerði hann grein fyrir starfi deildarinnar á árinu en líkt og síðustu ár hefur starfsemin verið fjölbreytt og viðamikil. Farið var yfir verkefni deildarinnar á árinu, áhrif Covid-19 á starfið, framkvæmdir á húsnæði deildarinnar og sagt frá öðrum tíðindum frá árinu 2020. 333 sjálfboðaliðar unnu fyrir deildina árið 2020 og starfsmenn deildarinnar voru þrír í 2,5 stöðugildi. Skýrsla stjórnar er aðgengileg á heimasíðu Rauða krossins,

www.raudikrossinn.is/deildir/nordurland/eyjafjardeild/arsskyrslur

C. Skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.

Ingibjörg Elín Halldórsdóttir, deildarstjóri Eyjafjarðardeildar, gerið grein fyrir ársreikningi deildarinnar og lagði hann fram til samþykktar. Reikningurinn er staðfestur og undirritaður af stjórn, deildarstjóra, skoðunarmanni og endurskoðanda.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrartap félagsins um 21,8 milljónir króna, á árinu. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 140,8 milljón kr. en var um 162,6 millj. kr. í byrjun árs. Stjórn deildarinnar leggur til að rekstrartapi ársins verði ráðstafað til næsta árs.

Aðalfundur samþykkti reikninginn.

D. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun lagðar fram.

Ingibjörg Elín Halldórsdóttir lagði fram framkvæmda- og fjárhagsáætlun deildarinnar. Gert er ráð fyrir að reka deildina með rúmlega 2,6 milljóna króna halla á árinu 2021.

E. Kosning deildarstjórnar

Valdís Guðlaugsdóttir, gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar sem leggur til að að eftirtaldir aðilar verði kjörnir í stjórn:

Gunnar Frímansson verði kjörinn formaður 2021-2023

Til tveggja ára verði kosin:

Gísli Kort Kristófersson,
Hilmar Friðjónsson,
Karen Malmquist og
Sigríður Stefánsdóttir

Til eins árs 2021-2022:

Berglind Júlíusdóttir og
Konráð K. Baldursson

Áfram sitja í stjórninni til 2022 kosin til tveggja ára á aðalfundi 2020:

Jón Baldvin Hannesson og
Aðalheiður Sigurjónsdóttir

Varamenn kosnir til eins árs 2021-2022

Fjóla V. Stefánsdóttir,
Kári Fannar Lárusson,
Kristín B. Gunnarsdóttir og
Sólborg Friðbjörnsdóttir.

Aðalfundur samþykkti tillögur kjörnefndar.

F. Kosning skoðunarmanns

Kjörnefnd leggur til að Guðlaug Kristinsdóttir verði kjörin skoðunarmaður. Aðalfundur samþykkti tillöguna.

G. Önnur mál

Umræður um leiðir til að bæta deildinni upp tekjutap af hverfandi kassatekjum.

Tillaga var gerð um að auglýsa aðalfund betur að ári.

Fundi slitið klukkan 20.00